

Umsögn við drög að frumvarpi um Smáfarartæki.

Undirritaður tekur undir með frumvarps höfundum í [kafla 2 í greinargerð frumvarps draganna](#) að:

“Sá samfélagslegi ávinningur sem leitt getur af **öruggri** notkun rafhlaupahjóla og annarra smáfarartækja er auðséður. Má þar í dæmaskyni nefna samdrátt í **koltvísýringslosun**, minni **umferðarhávaða** og **umferðartafir** en það krefst **breytinga á regluverki umferðar**.”

Undirritaður fagnar jafnframt því sem fram kemur í [drögum að skýrslu verkefnishóps um smáfarartæki](#) að og liggur til grundvallar frumvarps draganna að:

Markmið verkefnishóps um smáfarartæki er að gera tillögur um aðgerðir sem miða að því að **búnaður**, **umhverfi** og **notkun smáfarartækja** séu **örugg**. Annað **meginmarkmið** þessa verkefnis er að styðja við **innleiðingu fjölbreyttra** og **umhverfisvænni ferðamáta**.

Meginmarkmið fyrirhugaðrar lagabreytingar um smáfarartæki er farsæl. Samantekt á þessum markmiðum gæti verið:

Með **breytingu á regluverki** sé stutt við **innleiðingu ferðamáta** sem eru **fjölbreyttir** og **umhverfisvænni** með **minni umferðartöfum**, með því að miða að því að **smáfarartæki** búi við **öruggi** hvað varðar **búnað**, **umhverfi** og **notkun**.

Undirritaður beinir umsögn sinni í þessu ljósi að þeim greinum frumvarps draganna sem snúa að smáfarartækjum.

Um a-lið 1. gr. - Prengri hraðatakmarkanir í stað banns við notkun yngri en 13 ára.

Til að bregðast við umsögnum á samráðsgátt stjórnvalda um 13 aldurstakmark á notkun vélknúinna hlaupahjóla. Mögulegt er að tryggja öryggi barna yngri en 13 ára með því að notast áfram við breyttan C-lið 30. tölul. og setja inn þar frekari hraðatakmarkun fyrir börn yngri en 13 ára. Jafnframt væri þá tryggt að slík farartæki mættu ekki aka á akbraut.

Umferðarlög, nr. 77/2019	Drög að frumvarpi	Tillaga að breytingum í umsögn
a. C-liður 30. tölul. fellur brott.	Tölul. 30. Reiðhjól: e. Annað lítið vélknúið ökutæki sem ekki telst til léttu bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól og tvihjóla ökutæki á einum öxli. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.	C-liður 30. tölul. orðist svo: Annað lítið vélknúið ökutæki sem ekki telst til smáfarartækis og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 XX km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól og tvihjóla ökutæki á einum öxli. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.

Um b.lið 1. gr. - Gangandi vegfarendur á reiðstígum.

Undirritaður leggur til að liðurinn sé samþykktur óbreyttur og samhliða séu lagðar til frekari takmarkanir á áfengismagni knapa, sem í meira mæli verða í kringum gangandi vegfarendur.

Drög að frumvarpi	Umferðarlög, nr. 77/2019	Tillaga að breytingum í umsögn
b. 31. tölul. orðast svo: Reiðstígur: Vegur eða stígur skipulagður af sveitarfélagi fyrir umferð reiðmanna á hestum og merktur er sem slíkur, þar sem heimil er umferð reiðmanna og gangandi vegfarenda.	31. Reiðstígur: Vegur eða stígur skipulagður af sveitarfélagi sem ætlaður er sérstaklega fyrir umferð reiðmanna á hestum og er merktur er þannig sem slíkur, þar sem heimil er umferð reiðmanna og gangandi vegfarenda.	Hestum getur brugðið við umferð gangandi vegfarenda sem ekki kunna að umgangast þá. Slíkt getur valdið gangandi vegfarendum, knöpum og hestum hættu, sér í lagi ef engar breytingar eru gerð á 49. gr. gildandi umferðarlaga þar sem knapi má vera undir áhrifum áfengis að því gefnu að ekki sé: "undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann getur ekki stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega."

Um c-lið 1. gr. - Skilgreining á Smáfarartækjum.

Lagt er til að hámarkshraði smáfarartækja verði 25 km á klst. 25 km hraði er hættulegur í kringum gangandi vegfarendur. Á meðan reiðhjól eru komast auðveldlega á 30-40 km hraða á hjólastígum, þar sem það er öruggt. Jafnframt er 25 km hraði hættulegur á götu þar sem hámarkshraði er 30 km og bílar því stanslaust að taka fram úr rafhlaupahjólum sem komast ekki hraðar en 25 km á klst.

Til að auka öryggi allra vegfarenda er lagt til að miða umferðarhraða almennt við umferðarmannvirkið og þá umferð sem það er gert fyrir. Breytingartillagan gæti verið orðuð á þá leið að: “Á gangstéttum og í kringum gangandi vegfarendur skal hámarkshraði ekki vera hærri en röskur gönguhraði eða 10 km á klst. Hámarkshraði skal að öðru leyti miðast við aðra vegfarendur og hámarkshraða umferðarmannvirkis.” Með þessu móti er hraði smáfarartækja öruggari í kringum gangandi vegfarendur á mannvirkjum sem gerð eru fyrir umferð þeirra, í kringum bíla á akbrautum og í kringum reiðhjól á hjólastígum.

Ef áfram er vilji fyrir því að festa hámarkshraða smáfarartækja væri þá hægt að miða hámarkshraða getu þeirra í samræmi við hámarkshraða þeirra umferðarmannvirkja sem þau mega ferðast á, t.d. Milli 30 - 40 km á klst sem er sá hraði sem reiðhjólum er heimilt og geta á hjólastígum ferðast á.

Umferðarlög, nr. 77/2019	Drög að frumvarpi	Tillaga að breytingum í umsögn
c. Á eftir 32. tölul. bætist við nýr tölul. „svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða til samræmis: Smáfarartæki: Lítið vélknúið ökutæki sem telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur t.d. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli.	33. Smáfarartæki: Lítið vélknúið ökutæki sem telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur t.d. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli.	c. Á eftir 32. tölul. bætist við nýr tölul. „svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða til samræmis: Smáfarartæki: Lítið vélknúið ökutæki sem telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 XX km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur t.d. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli. Á gangstéttum og í kringum gangandi vegfarendur skal hámarkshraði ekki vera hærri en röskur gönguhraði eða 10 km á klst. Hámarkshraði skal að öðru leyti miðast við aðra vegfarendur og hámarkshraða umferðarmannvirkis.

Um b.lið 4. gr. - Smáfarartæki geti nýtt akbrautir með hámarkshraða 30 á klst..

Þetta er mjög farsæl breyting sem fjölgar þeim umferðarmannvirkjum sem ökumenn smáfarartækja geta ekið á og minnkar þörf þeirra að aka á göngustígum. Þetta eykur öryggi gangandi vegfaranda en til getur skapað ökumönnum smáfarartækja aukna hættu á akbrautum. 25 km hámarkshraði getur verið hættulegur á götu þar sem hámarkshraði er 30 km og bílar því stanslaust að taka fram úr rafhlaupahjólum.

Tillagan er mjög góð og og lagt til að hún sé samþykkt óbreytt, en jafnframt að hámarkshraði smáfarartækja verði 30 km/ á klst á akbrautum var sem hámarkshraðinn er 30 km á klst. *Sjá tillögu við breytingu á c-lið 1. gr að ofan.*

Drög að frumvarpi	Umferðarlög, nr. 77/2019	Tillaga að breytingum í umsögn
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo: Á akbraut þegar leyfður hámarkshraði er ekki meiri en 30 km á klst. er ökumanni heimilt að aka smáfarartæki.	6. mgr. Á akbraut þegar leyfður hámarkshraði er ekki meiri en 30 km á klst. er ökumanni heimilt að aka smáfarartæki.	Tillagan er mjög góð og og lagt til að hún sé samþykkt óbreytt, en jafnframt að hámarkshraði smáfarartækja verði 30 km/ á klst á akbrautum var sem hámarkshraðinn er 30 km á klst.

Um 6. og 14. gr. - Bann við ölvunarakstri, sektir eða fangelsi.

Það er mjög jákvætt að taka skuli á ölvunarakstri. Svo þær breytingar ná betur tilgangi sínum í samræmi við jafnræði og meðalhóf eru tvær ábendingar.

Ölvaður knapi, á 300 kílóa hesti sem sparkar, er hættulegri þeim sem hann er í kringum en ölvaður ökumaður á löglegu rafdrifnu hjóli á 25 km hraða. Báðir eru þeir hættulegir og lögin ættu að endurspeгла það. Frumvarps drögin taka ekki á ölvun knapa eða ökumanna reiðhjóla en virðast leggja til að ölvaður ökumaður á löglegu rafhlaupahjóli eða rafhjóli á 25 km hraða "skal sæta sömu refsingu" og ölvaður ökumaður á nokkurra tonna bifreið á 90 km hraða.

Í ljósi þeirra upplýsinga um slysatíðni frá starfshópi um smáfarartæki er ljóst að lögleg rafhlaupahjól eru mun sambærilegri við reiðhjól eða hesta en bifreiðar, er eðlilegt að þegar takmarka eigi magn áfengis og setja refsingar að tillits sé tekið til þessa. Lagt er til að láta sömu

reglur um ölvun og gilda um reiðhjól og hesta gilda líka um smáfarartæki og þau ákvæði endurskoðuð í ljósi hættunnar sem ölvunin sannarlega skapar.

Með þökkum fyrir það umsagnarferli sem Samráðsgáttin býður upp á og óskar um velfarnaðar við áframhaldandi vinnu við frumvarpið.

Jón Þór Ólafsson

Notandi rafhjóla og rafhlaupahjóla í á annan áratug og fyrrv. Alþingismaður.